



## **Vegna draga að landsáætlun gegn kynbundnu ofbeldi gegn konum**

### **Í hnotskurn**

- Samtökin '78 kalla eftir að áætlunin taki sérstakt tillit til hinsegin kvenna sem hafa tvöfalda eða jafnvel þrefalda jaðarsetningu, en hinsegin konur eiga heima í öllum þeim hópum sem sérstaklega eru teknir til greina í landsáætlun.
- Nýjar íslenskar rannsóknir sýna að greinilega er þörf á umbótum í málefnum hinsegin kvenna þegar kemur að úrræðum vegna kynbundins ofbeldis.
- Samtökin '78 kalla eftir því að fag- og viðbragðsþjónusta taki alltaf tillit til og hafi í huga mögulegan hinseginleika þolenda og þeirra sem leita sér aðstoðar.

### **Um áætlunina**

Samtökin '78 fagna landsáætlun gegn kynbundnu ofbeldi gegn konum og því að sérstakt tillit sé tekið til jaðarsettra kvenna í áætluninni, kvenna af erlendum uppruna, kvenna með fötlun og kvenna með fíknivanda. Samtökin '78 vilja þó ítreka að horft sé til samtvinnun mismunabreyta í allri áætluninni. **Þörf er á að horft sé sérstaklega til hinseginleikans vegna stöðu hinsegin kvenna innan áðurnefndra hópa.**

Niðurstöður nýrra íslenskra rannsókna benda til þess að hinsegin konur verði frekar fyrir ofbeldi en konur sem ekki eru hinsegin og því vilja Samtökin '78 hvetja stjórnvöld til þess að taka alvarlega þá breytu sem hinseginleiki er og hafa þessar rannsóknir til hliðsjónar í vinnunni.

Í inngangi segir að sérstakt tillit skuli taka til kvenna sem verða fyrir fjölþættri mismunun, en hinsegin konur eru í það minnsta með tvöfalda jaðarsetningu og Samtökin '78 vilja brýna fyrir stjórnvöldum að hugað sé að hinsegin konum með fötlun, hinsegin konum af erlendum uppruna sem og hinsegin konum með fíknivanda, og þá sérstaklega trans konum, intersex konum og hinsegin konum með ódæmigerða kyntjáningu. Landsáætlun gegn kynbundnu ofbeldi þarf að taka mið af þörfum allra kvenna svo af verði raunverulegur ávinningur.

**Í útdrætti segir að margt sé enn óunnið og Samtökin '78 vilja koma á framfæri nokkrum rannsóknum sem sýna að við þá vinnu þurfi þekking á aðstæðum**

**hinsegin kvenna að vera til staðar, en tvöföld jaðarsetning þeirra gerir þær alltaf útsettari fyrir fordómum, í nánnum samböndum, innan fjölskyldu, á vinnustöðum sem og á opinberum stöðum.**

Birtingarmyndir ofbeldis gegn hinsegin konum geta til að mynda verið hótanir um að segja frá hinseginleika án samþykkis, niðurlæging vegna hinseginleika, að konan eigi ofbeldið skilið vegna hinseginleikans, kynbundið ofbeldi réttlætt með því að upplýsingar um hinseginleika hafi ekki komið fram, t.d. að þolandi sé tvíkynhneigð.

Þessar rannsóknir sem hér fylgja sýna greinilegt mikilvægi þess landsáætlun taki skýrt tillit til hinsegin kvenna, líkt og annarra jaðarsettra hópa kvenna.

## **Rannsóknir**

Rannsóknin *Heilsa og líðan hinsegin fólks*, unnin af Reykjavíkurborg í samstarfi við Samtökin '78 árið 2024, bar saman tölur úr könnun Embættis landlæknis *Heilsa og líðan*, frá árinu 2022 og 2017, en 2017 var fyrst spurt um hinseginleika í könnun Landlæknisembættisins. **Í rannsókn Reykjavíkurborgar kemur fram að hlutfall hinsegin fólks sem hefur upplifað ofbeldi er hærra en hjá sís-gagnkynhneigðu fólki óháð tegund ofbeldis og átti þetta við bæði árið 2017 og 2022.** Þá var hlutfall hinsegin fólks sem eru með núverandi eða fyrri áfengis- og/eða vímuefnavanda marktækt hærra árið 2022 en hjá sís- gagnkynhneigða hópnum. Samtökin '78 vilja því ítreka nauðsyn þess að hinseginleiki sé hafður að leiðarljósi í allri vinnu í landsáætlun gegn kynbundnu ofbeldi.

Þá vann Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands skýrslu fyrir Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið árið 2024 um ofbeldi í nánnum samböndum hinsegin fólks. Þar kom til dæmis fram að nærri 30% þátttakenda höfðu verið beitt kynferðislegu ofbeldi af fyrrverandi maka, og þar voru konur líklegri en önnur kyn til að hafa upplifað umsátursáreiti fyrrverandi maka en tæpur fjórðungur þátttakenda hafði upplifað umsátursáreiti. Einnig kom fram að meirihluti þátttakenda hafði upplifað eitthvert form af andlegu ofbeldi. Þá kom einnig fram að tvíkynhneigðar konur eru líklegri en samkynhneigðar til þess að hafa orðið fyrir ofbeldi, en rétt er að taka fram að trans konur eru sérstaklega í áhættuhóp fyrir kynbundnu ofbeldi.

## **Umbætur**

Þátttakendum í könnun *Ofbeldi í nánnum samböndum og fjölskyldum hinsegin fólks á Íslandi* gafst færi á að kalla eftir aðgerðum og meðal þess sem var nefnt er sértækt aðstoð vegna ofbeldis, að sett verði á laggirnar sérstakt athvarf fyrir hinsegin þolendur sem hafa orðið fyrir ofbeldi (sbr. Kvennaathvarfið) og að fræðsla um hinsegin sambönd

og birtingarmyndir ofbeldis fari til fag- og viðbragðsaðila sem koma að aðstoð og vinnu við ofbeldismál, t.a.m. lögreglu, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu. Ákall eftir umbótum í rannsókn Reykjavíkurborgar, *Heilsa og líðan hinsegin fólks*, var svipað, en þar var t.a.m. nefnd bætt þjónusta í geðheilbrigðismálum, fyrirbyggjandi aðgerðir gegn ofbeldi og efling á stuðningi við hinsegin þolendur ofbeldis.

## Um einstaka aðgerðir

**Aðgerð 3:** Tryggja verður að tvíkynhneigðar konur, lesbíur og trans konur fái sömu þjónustu og þær konur sem ekki eru hinsegin.

**Aðgerð 7:** Samtökin '78 benda á að birtingarmyndir ofbeldis gegn hinsegin konum geta verið margskonar, til dæmis með því að gera lítið úr hinseginleika eða halda lífснаuðsynlegum lyfjum frá intersex og trans konum.

**Aðgerð 9:** Skýrt ákall er frá fötluðum hinsegin konum að þær gleymist ekki í vinnu sem snýr að þeirra málaflokk og að hinseginleika þeirra sé ekki afneitað á grundvelli fötlunar.

**Aðgerð 10:** Samtökin '78 minna á lög gegn bælingarmeðferð, en bælingarmeðferð hinsegin fólks er ein birtingarmynd heiðurstengds ofbeldis.

**Aðgerð 13:** Þegar skoðaðar eru tölur um kvennamorð vilja Samtökin '78 undirstrika að morð á trans konum verður einnig að uppræta að fullu.

**Aðgerð 18:** Samtökin '78 minna á stöðu hinsegin kvenna, svo sem samkynhneigðra og trans kvenna sem verða fyrir ofsóknum í sínu upprunalandi á grundvelli hinseginleika síns.

## Viðbót

Samkvæmt atvikaskýrslu EL\*C, evrópskra samtaka hinsegin kvenna, *Observatory on Lesbophobic Violence and Discrimination Against Lesbians* frá árinu 2024, hefur ofbeldi og hatursorðræða gagnvart lesbíum og tvíkynhneigðum konum færst töluvert í aukana á undanförunum árum. Í skýrslunni eru tiltekin einstaka atvik ofbeldis, en dæmin eru mörg og þau gefa mynd af hættulegum veruleika hinsegin kvenna í Evrópu. Til dæmis verða lesbíur og trans konur sérstaklega fyrir áreitni á almenningssalernum eða er meinaður aðgangur að þeim. Hinsegin konur eru kynferðislega áreitnar á vinnustöðum, skemmtistöðum og á samfélagsmiðlum. Við vitum að þetta er veruleiki margra hinsegin

kvenna á Íslandi en þar sem engin slík rannsókn hefur átt sér stað á Íslandi kalla Samtökin '78 eftir því að sambærilegar rannsóknir verði gerðar hér á landi.

Samtökin '78 fengu nýlega í hendurnar skýrslu um heimilisleysi hinsegin fólks frá regnhlífarsamtökum hinsegin fólks í Evrópu og mið-Asíu, ILGA Europe. Skýrslan sem ber nafnið *The Power of Data: Addressing LGBTI Homelessness In Europe. Findings from research in Italy, Spain, Germany and Slovenia* skýrir frá því að um 10% almennings í þessum löndum sé hinsegin, en að innan heimilislausra sé hinsegin fólk um 20-40% hópsins. Gögnin frá ILGA Europe segja hinsegin fólk sem er heimilislaust mæti ekki aðeins sömu áskorunum og þau sem ekki eru hinsegin, svo sem heimilisofbeldi, fátækt og fíknivanda, heldur mæti hinsegin fólk áskorunum og upplifunum sem tengjast einungis kynhneigð þeirra og kynvitund, sem gerir þau líklegri til þess að verða fyrir ofbeldi í nánum samböndum, sem svo getur leitt til heimilisleysis. Þá sýna gögnin frá þessum löndum að hinsegin heimilislaust fólk er einnig líklegra til þess að nota fíkniefni. Skýrslan greinir einnig frá því að þessi hópur sé nokkuð ósýnilegur. Skýr þörf er á að kortleggja þetta hér á landi til þess að geta greint þennan hóp betur.

## Að lokum

Ofbeldi gegn hinsegin konum getur verið lúmskt og falið, sérstaklega í nánum samböndum, en dæmin sýna að gerendur nýta oft hinseginleikann til þess að niðurlægja, til dæmis með því að hóta að upplýsa um hinseginleika án leyfis eða koma í veg fyrir aðgang að hormónalyfjum. Konur sem ekki eru hinsegin en eru grunaðar um hinseginleika eru einnig beittar ofbeldi og þetta hefur færest verulega í aukana, einnig hér á landi, með auknum fordómum gagnvart trans konum. Það er þess vegna mjög mikilvægt að fordæma ofbeldi gegn hinsegin konum því það hefur áhrif á allar konur. Samtökin '78 vilja því undirstrika mikilvægi þess að fag- og viðbragðsaðilar þekki birtingarmyndir hinseginleika og ummerki ofbeldis gegn hinsegin konum.

**Það er von og ósk Samtakanna '78 að Landsáætlun gegn kynbundnu ofbeldi gegn konum taki skýrt tillit til hinsegin kvenna og hafi margþætta mismunun þeirra til hliðsjónar í þeirri vinnu sem mun fara fram undir formerkjum áætlunarinnar.**

Samtökin '78 eru að sjálfsögðu viljug til þess að koma að hvers konar vinnu í framhaldinu óski ráðuneytið eftir því.

## Fyrir hönd Samtakanna '78,



Berglín Andradóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri



Bjardís Helga Tómasdóttir, formaður Samtakanna '78

## Heimildir

**Heilsa og líðan hinsegin fólks**, Reykjavíkurborg og Samtökin '78. 2024

[https://reykjavik.is/sites/default/files/2025-02/heilsa-og-lidan-hinsegin-folks-skyrsla-a-islensku\\_0.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/2025-02/heilsa-og-lidan-hinsegin-folks-skyrsla-a-islensku_0.pdf)

**EurocentralAsian Lesbian \*Community**, Observatory on lesbophobic violence and discrimination against lesbians. 2024

[https://lesbiangeni.us.org/wp-content/uploads/2024-Observatory\\_final-report.pdf](https://lesbiangeni.us.org/wp-content/uploads/2024-Observatory_final-report.pdf)

**Ofbeldi í nánum samböndum og fjölskyldum hinsegin fólks á Íslandi**,

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. 2024

[https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Ofbeldi\\_i\\_fjolskyldum\\_og\\_n anum\\_sambondum\\_hinsegin\\_folks.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Ofbeldi_i_fjolskyldum_og_n anum_sambondum_hinsegin_folks.pdf)

**Saman gegn ofbeldi: Upplýsingabæklingur um hinsegin fólk og heimilisofbeldi**,

Reykjavíkurborg. 2019

[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/saman\\_gegn\\_ofbeldi\\_hinsegin\\_2019\\_interact\\_opnur.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/saman_gegn_ofbeldi_hinsegin_2019_interact_opnur.pdf)

**The Power of Data – Addressing LGBTI Homelessness in Europe**, ILGA-Europe

<https://www.ilga-europe.org/report/the-power-of-data-addressing-lgbti-homelessness-in-europe/>